



Stjórn SSH 427. fundur

Mánudaginn 7. mars 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Lindal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Guðný Ívarsdóttir og Gunnar Einarsson.
Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Ársreikningur SSH 2015

Fyrir fundinum lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2015, ásamt áritun óháðs endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna.

Framkvæmdastjóri fór yfir reikninginn og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum.

Stjórn SSH samþykkti reikninginn með áritun sinni á fundinum.

2. „Fluglestin“ – ný samningsdrög

Fyrir fundinum lágu ný samningsdrög vegna mögulegs samstarfs SSH og aðildarsveitarfélaganna annars vegar og óstofnað þróunarfélags, „Fluglestin – þróunarfélag ehf.“, hins vegar um samstarf um skipulagsmál vegna hraðlestar sem ætlað er að tengja saman Keflavíkurflugvöll og höfuðborgarsvæðið, með endastöð á umferðarmiðstöðvarreit í Vatnsmýri.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að senda samningsdrögin til efnislegrar afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögum SSH.

3. Mosfellsbær – niðurstaða héraðsdóms vegna álagningar gatnagerðargjalda á framhaldsskólabyggingu í Mosfellsbæ.

Á fundinn mætti undir þessum dagskrárlið Sigurður Snædal Júlíusson, bæjarlögmaður Mosfellsbæjar.

Farið var yfir niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. febrúar 2016, þar sem fram kemur að Mosfellsbær var ekki heimilt að leggja gatnagerðargjöld á nýbyggingu Framhaldsskóla Mosfellsbæjar.

Umræður

Niðurstaða.

Fyrir liggur að Mosfellsbær hefur áfrýjað dómsniðurstöðunni til Hæstaréttar. Stjórn SSH telur eðlilegt að fylgjast með framvindu málsins þar sem niðurstaðan getur haft áhrif á önnur sveitarfélög.

4. Byggðastefna fyrir höfuðborgarsvæðið

Eftirfarandi samþykkt var gerð varðandi ofangreint málefni:

Stjórn SSH fagnar þeirri áherslubreytingu vegna byggðamála sem fram kemur í lögum nr 69/2015 um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir landshluta

Í samræmi við ákvæði 3. greinar laganna og skilgreint hlutverk Byggðastofnunar við mótun 7 ára byggðaáætlunar telur stjórn SSH ástæðu til að vekja athygli stjórnar Byggðastofnunar á þeirri framtíðarsýn og stefnumörkun sem nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið grundvallast á, en þar segir m.a:



„Höfuðborgarsvæðið býður upp á fjölbreytt atvinnulíf sem byggt er á hugviti og hagnýtingu þess. Styrkar stoðir verðmætasköpunar standa undir launum og lífskjörum sem eru á borð við þau bestu í heiminum. Rannsóknarstofnanir á svæðinu eru í fremstu röð og leggja grunn að frjórri nýsköpun á fjölmörgum sviðum. Höfuðborgarsvæðið er nútímalegt borgarsamfélag sem í senn er alþjóðlegt og með skýr sérkenni. Höfuðborgarsvæðið laðar að sér fólk hvaðanæva að sem vill starfa þar um lengri eða skemmri tíma eða njóta þess sem gestir.

Höfuðborgarsvæðið er eina borgarsvæði landsins og sem slíkt gegnir það veigamiklu hlutverki sem miðstöð stjórnáætlunar, menntunar og menningar fyrir landið allt. Í nútímasamfélagi, þar sem fólk, fyrirtæki og fjármagn eru hreyfanleg, hafa öflug borgarsvæði sífellt meira vægi sem drifkraftur nýsköpunar og nýrra tækifæra. Það er lykilatriði í samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið þróist í nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði þar sem lífskjör og tækifæri verði sambærileg við bestu borgir“

Jafnframt vekur stjórn SSH athygli stjórnar Bygðastofnunar á neðangreindum grundvallarskjölum sem fyrir liggja eftir vinnu á vegum samtakanna við mótun nýs svæðisskipulags og gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið frá árinu 2013:

- „Höfuðborgarsvæðið 2040“ – nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæði 2015 – 2040
- Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2019
- Þróunaráætlun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2019
- Mannfjöldaspá höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040
- „Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins“ – samantekt og undirrit (Sóknaráætlun 2013)

Stjórn SSH gerir þá tillögu til stjórnar Bygðastofnunar að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og forsendur þess, m.a. um sjálfbærann vöxt, íbúabróun, samgöngumál og innviðafjárfestingu verði tekið upp í stefnu og markmið byggðaaætlunar um vöxt og þróun höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir staðfestingu stjórnar Bygðastofnunar á því að ofangreint verði lagt til grundvallar, og lýsir sig jafnframt reiðubúna til samstarfs við Bygðastofnun við mótun byggðaaætlunar sem byggir á framangreindum forsendum um framtíðarsýn og stefnu aðildarsveitarfélaganna.

5. Innanríkisráðuneytið – beiðni um tilnefningu eins fulltrúa SSH í bakhóp vegna aðgerðaáætlunar í sveitarstjórnarmálum vegna verkefnisins „Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga“

Í samræmi við ábendingu í erindi ráðuneytisins um ákvæði 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, samþykkir stjórn SSH að tilnefna Ármann Kr. Ólafsson, varaformann stjórnar SSH og Guðnýju Ívarsdóttur, stjórnarmann í SSH.

6. „Strætó fyrir alla“

Fyrir lá beiðni um endurtekna umfjöllun um erindi Sjálfsbjargar frá 14. júlí 2014, sem síðast var til umfjöllunar á 423. fundi stjórnar SSH hinn 2. nóvember 2015.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kanna hjá Strætó bs. hvort og þá hvaða breytingar hafa orðið á þeim forsendum sem fram voru settar í minnisblaði Strætó bs. frá 4. september 2014.

7. „GERT“ – verkefnið; beiðni um fjárhagslega aðkomu aðildarsveitarfélaga SSH að máli.

Lagt fram, án efnislegrar afgreiðslu



8. Önnur mál:

- a) Lögð fram bókun frá fundi bæjarstjórnar Kópavogs frá 23. febrúar 2016 v. ferðaþjónustu fatlaðs fólks.
- b) Lagt fram rekstraryfirlit skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2015.
- c) Stjórnarformaður gerði grein fyrir viðræðum sínum við vegamálastjóra um sameiginlegt átak Vega-gerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna slæms ástands og mikils slits á gatnakerfi á höfuðborgarsvæðinu. Átakið fælist í sameiginlegri greiningu á ástandi, tillögum að framkvæmda-áætlun til næstu ára, samantekt rannsókna og annarra gagna um ástæður núverandi stöðu, malbikun og annað sem verkefninu við kæmi og tillögugerð og umfjöllun um fjármögnun þess sem gera þyrfti. Sameiginleg verkefnisstjórn myndi stýra áttakinu.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45.